

Morgunblaðið

Útgefandi hf. Árvakur, Reykjavík.
Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.
Ritstjórnar Matthías Johannessen,
Styrmir Gunnarsson.
Fulltrúar ritstjóra Þorbjörn Guðmundsson,
Björn Jóhannsson.
Fréttastjórnar Freysteinn Jóhannsson,
Magnús Finnsson,
Sigtryggur Sigtryggsson.
Auglýsingastjóri Baldvin Jónsson.

Ritstjórn og skrifstofur: Aðalstræti 6, sími 10100. Auglýsingar: Aðalstræti 6, sími 22480. Afgreiðsla: Skeifunni 19, sími 83033. Áskriftargjald 85 kr. á mánuði innanlands. Í lausasölu 5 kr. eintakið.

Þinghald í haustskuggum

Þrátt fyrir ytra góðæri: fiskisæld, hátt útflutningsverð sjávarafurða og hagstæða gengisþróun, sem allt ætti að efla viðnám gegn verðbólgu og styrkja lífskjörin í landinu, hvíla haustskuggar yfir atvinnuvegum þjóðarbúsins. Hvar sem borið er niður blasa við fyrirtæki á horrim, hallarekstur og skuldasöfnun. Gildir einu, hvort um er að ræða einkarekstur, samvinnurekstur eða opinberar þjónustustofnanir. Rekstraröryggi fyrirtækja og atvinnuöryggi fólks heyrir til liðnum tíma. Övissa um framtíðina grúfir yfir þjóðlífinu.

Það er að vísu ekki nýlunda að skín og skúrur skiptist á í íslenskum þjóðarbúskap, en hitt er óvenjulegt, að saman fari ytra góðæri og „móðuharðindi af mannavöldum“, svo notuð séu fleyg orð frá liðnum tíma. Alþingi, sem kemur saman í dag, hefur því við ærinn vanda að glíma, því treysta verður undirstöðu þjóðarbúskaparins, verðmætasköpunina í atvinnulífinu, sem ber uppi lífskjör þjóðar og þegna.

Báðar megingreinar sjávarútvegs, veiðar og vinnsla, ekki sít frystiðnaðurinn, eru reknar með verulegum halla, sem hlýtur að leiða til samdráttar eða stöðvunar, ef fram heldur sem horfir. Iðnaðurinn, fyrst og fremst útflutnings- og samkeppniðnaður, sætir sama hlutskipti, og eru aðvaranir forsjármanna iðnaðardeilda SÍS á Akureyri glöggð dæmi þar um. Ýmis útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki, sem afkoma heilla byggðarlaga hvílir á, eru á vonarvöl, samanber nýlega uppkomu í atvinnumálum Raufarhafnar. Samhliða umfjöllun ríkisfjármála og efnahagsmála, sem vissulega tengjast stöðu atvinnuveganna, hlýtur það að verða meginverkefni Alþingis næstu vikunnar, að treysta stöðir rekstrar- og atvinnuöryggis í landinu.

Þá kemst Alþingi ekki hjá því að taka ákvarðanir varðandi stórvirkjanir og stóriðju, sem alltof lengi hafa dregið, m.a. vegna ósamkomulags á stjórnarheimilinu, en í þessum mikilvæga málaflokki, sem varðar framtíðarhag þjóðarinnar meiru en flest annað, hefur Alþýðubandalagið reynzt þröskuldur þröngsýni og afturhalds. Dæmigert fyrir hringlandaháttinn í stjórnarráðinu er hikið og hummið varðandi Blönduvirkjun, þar sem heimaadilar segjast biða yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, en ríkisstjórnin samkomulags norður þar. Löngu er tímabært að taka ákvörðun um næstu stórvirkjun og verkefnaröð og tímasetningu tveggja þeirra næstu. Jafnframt þarf að tryggja arðsemi þeirra og afsetningarmöguleika með nýrri stóriðju. Ekkert er hættulegra íslenskri framtíðarbyggð en það, ef við drögumst lífskjara-lega lengra aftur úr nágrannabjóðum en orðið er. Landflóttinn er þegar meir en nægur. Alþingi verður tafarlaust að taka af skarið, bæði varðandi það að búa betur að hinum hefðbundnu atvinnuvegum, sem nú eiga í vök að verjast, og setja nýjar stöðir undir afkomuöryggi þjóðar og þegna með stóráukinni nýtingu innlendra orkugjafa, m.a. með tilkomu nýrrar stóriðju.

Samdráttur hjá SH og Álveri

Þannig hefur verið búið að frystiðnaðinum, undirstöðuþættinum í útflutningsframleiðslu og gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins, að útflutningur SH hefur minnkað um 15–16% á þessu ári, þrátt fyrir fiskisæld. Vinnslan hefur leitað í aðrar greinar. Útflutningur SH nemur nú 44.000 tonnum en var á sama tíma í fyrra 52.700 tonn, að sögn forstjóra sölumiðstöðvarinnar. Framleiðsla frystihúsanna hefur dregið saman um nærri 10%.

Sömu sögu er að segja um álið, sem verið hefur um 15% af heildarútflutningi okkar. Sölur á þessu ári munu væntanlega nema um 60.000 tonnum en námu liðlega 72.000 tonnum í fyrra. Birgðir álversins munu nú vera um 13.000 tonnum meiri en undir venjulegum kringumstæðum.

Þrátt fyrir ýmis teikn ytra góðæris segir samdráttur til sín víðast í þjóðarbúskapnum. Þannig sýna verkin merkin. Það er meir en tímabært að Alþingi veiti værukærum ráðherrum það aðhald, sem til þess þarf að þeir vakni til vitundar um þær staðreyndir og þá hættuböða, sem hvarvetna blasa við íslenskum atvinnuvegum.



Ásgerður útskýrir myndir sínar fyrir blaðamönnum, en hún vefur að mestu úr íslenskrí ull, og lítar hana stundum sjálf. Að auki notar hún hrosshár, og í einni myndinni meira að segja skeljar.

Listasafn alþýðu 10. okt. – 1. nóvember:

Yfirlitssýning á verkum Ásgerðar Búadóttur

Í DAG, laugardag, verður opnuð yfirlitssýning á verkum Ásgerðar Búadóttur í Listasafni alþýðu. Á sýningunni eru 38 verk, hið elsta er frá 1957, en yngstu verkin eru unnin á þessu ári. Þau eru ýmist í eigu listakonunnar sjálfar eða einkaaðila og stofnana hér á landi.

Þetta er fyrsta yfirlitssýning Ásgerðar, en hún hefur áður haldið þrjár einkasýningar hér á landi, fyrst í vinnustofu sinni að Karfavogi 22 árið 1962, síðan í Bogasal þjóðminjasafnsins árið 1964 og í Unuhúsi við Veggúsa-stíg 1967. Að auki hefur Ásgerður tekið þátt í fjölda samsýninga bæði hér og erlendis og er skemmst að minnst haustsýningar FÍM í fyrra en þar var hún ásamt öðrum valin í „kjarna“ sýningarinnar á Kjarvalsstöðum.

Hún nam við Handíða- og myndlistaskólann á árunum 1942–46 og síðan við Konunglega akademíu í Kaupmanna-

höfn 1946–49. Í sýningarskrá segir Hörður Ágústsson m.a.: „... Ásgerður keypti sér vefstól í Kaupmannahöfn og tók hann með sér heim að námi loknu án þess eiginlega að vita hvað hún ætlaði að gera við hann, eins og hún sjálf hefur orðað það. Stóllinn sá arna varð henni engu að síður orlagavaldur. Með hjálp góðra manna, sjálfsaga og listrænni forvitni, lærðist henni smátt og smátt að ná tökum á þessu undrataki, þar til undan ídjusömum höndum hennar tóku að vaxa dúkar er í voru greypt myndverk er brátt tóku að vekja athygli. Hálfum tug ára eftir að hún hóf að slá vef sinn fékk hún

verðlaun á alþjóðlegri listsýningu í Þýskalandi. Síðan hefur frægt hennar farið vaxandi, ekki aðeins á heimaslóðum heldur ekki síður á erlendum vettvangi. Er skemmst að minnst þess, að hún var valin til að vinna veggmynd eina stóra til þrýðis fundarsal Norræna menningarssjóðsins í Kaupmannahöfn.“

Í mars á næsta ári fer hluti þeirra verka sem nú eru á sýningunni á farandsýningu um Bandaríkin sem nefnist „Scandinavia today“. Verður farið með verk Ásgerðar til 5 borga á næstu tveim árum.

Á sýningunni verða einnig sýndar litskyggjur um ævi og feril Ásgerðar og verka hennar, og seld póstkort í lit af fjórum verkanna.

Sýningin verður opin til 1. nóvember nk.

„Brauðvikan“

Undirtektir farið fram úr glæstustu vonum

„BRAUÐVIKAN“ hefur gengið mjög vel fyrir sig og undirtektir bakara og viðskiptavina við þessari hugmynd farið fram úr glæstustu vonum — bakarar hafa aukið brauðúrval sitt mikið og verið mjög virkir í brauðkynningunni,“ sagði Jóhannes Björnsson, formaður Landssambands bakarameistara, er hann var inntur eftir „Brauðvikunni“ sem hófst sl. laugardag en lýkur í dag.

„Markmiðið með „Brauðvikunni“ er að kynna fyrir fólki hversu holl brauðneysla er og auka þar með brauðneysluna. Brauðúrval í bakaríum er nú meira en nokkru sinni og hafa bakarar á boðstólum frá 20 upp



Jóhannes Björnsson, formaður Landssambands bakarameistara, að störfum.

í 30 tegundir í bakaríum sínum núna. Það kemur svo í ljós að lokinni „Brauðvikunni“ hvað best fellur að smekk fólksins.

Það er greinilegt að fólk hugsar miklu meira um hvað er í brauðunum nú en áður. Það er t.d. mjög algengt að fólk spyrji hvort það sé sykur eða fita í tilteknu brauði, en þessi efni eru í fæstum brauðtegundum núorðið. Um „Brauðvikuna“ er það annars að segja að hún virðist ætla að ná tilgangi sínum og eru allir bakarar sem ég hef talað við sammála um það. Að lokum vildi ég svo minna á slagorð okkar bakara „6 til 8 brauðsneiðar á dag — heilsunnar vegna“,“ sagði Jóhannes.